

Tillagan felur m.a. í sér breytingu á landnotkun meðfram Grafningsvegi þar sem afmörkuð er lóð og byggingarreitur undir þjónustu ásamt lóð og byggingarreit undir veiðihús, ennfremur er afmarkað svæði fyrir grafreit gæludýra. Við gildistöku breytts skipulags fellur úr gildi deiliskipulagsuppráttur Alviðru, samþykktur 22. maí 1995 og sá hluti úr skipulagsupprætti Alviðru og Öndverðarness II, samþykktur 10. maí 1995 sem deiliskipulagsuppráttur þessi nær yfir.

*Breyting á deiliskipulagi lóða við Hafnarberg, Þorlákshöfn.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 25. janúar 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóða við Hafnarberg, Þorlákshöfn.

Tillagan felur í sér að breyta frá einbýlishúsalóðum í raðhúsa- og parhúsalóðir, nr. 12 til 30, og gerð gestabílastæðis í norðausturhorni lóðarinnar.

Við gildistöku á breyttu skipulagi fellur úr gildi deiliskipulagsuppráttur frá mars 1999.

Skipulagsauglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 15. apríl 2003.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss,

**Sigurður Jónsson.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, Möðruvallavegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. apríl 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Breytingin felst í því að vegur nr. 813 (Möðruvallavegur) er felldur niður frá gatnamótum við veg nr. 815 (Hörgárdalsveg) að syðri kirkjugarði að Möðruvöllum. Þess í stað er vegur nr. 813 sveigður til austurs við aðkomuveg að íbúðarbyggð og tengdur vegi nr. 82 (Ólafsfjarðarvegi).

Upprátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Arnarneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfísráðuneytinu, 10. apríl 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*